

33 nje um það hvort 8000 krónur sje nægileg upphæð til kostnaðarins. Aptur á móti 1. marz. hefur sjóliðsstjórnin tjáð sig fúsa til að leggja fyrir fyrirliða eptirlitsskipsins í sumar að dvelja um hrið í Stykkishólmi, næstu höfn við innsiglinguna til Hvammsfjarðar, og láta þaðan kanna stöðvarnar, og að fengnum skýrslum um þá könnun kveðst sjóliðsstjórnin munu geta gefið ýtarlegra svar viðvikjandi mælingunni, og ef til vill geta næsta ár látið byrja á verkinu, ef nægilegt fjárfamlag verði þá fyrir hendi.

Þetta er hjermeð þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, með skírskotun til brjefs yðar, dags. 28. nóv. f. á., til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild stjórnartíðindanna, að því viðbættu, að svo framarlega sem sjóliðsstjórnin fæst til að láta framkvæma hinar umræddu mælingar næsta ár fyrir þær 8000 kr., sem til þess eru ætlaðar, þá mun ráðaneytið fyrir Ísland ekki hika sjer við að greiða upphæð þá, sem veitt er af landssjóði fyrir árið 1894, upp á væntanlega aukafjárveitingu; en að því er snertir tillag Dalasýslu skal þjónustusamlega lagt fyrir yður að útvega yfirlýsingu frá sýslunefndinni um það, hvort hún sje fús til að leggja fram hina áskildu viðbót við landssjóðs-tillagið, sem er skilyrði fyrir því, að það verði veitt, jafnvel þótt mælingin fari fram seinna en 1894.

34

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Munkaþverárklosturskirkju fardagaárið 1892—93.

Tekjur:		Kr. a.
1. Fasteignartíund af 91,6 hndr. = 27 ¹ / ₂ al á 46 a.		12 65
2. Lausafjártíund af 289 hndr. = 87 ál. á 50 ¹ / ₂ a.		45 30
3. Ljóstollar 32, hver 4 pd. tólgar, er 128 pd. á 26 ¹ / ₂ a.. . . .		33 92
4. Legkaup 3 ¹ / ₂ = 21 al. á 50 ¹ / ₂ a.		10 61
		<hr/> Kr. 102 48
Gjöld:		Kr. a.
1. Til ljósa frá ⁶ / ₆ '92 til jóla s. á.		1 44
2. Fyrir að þvo kirkjuna og umsjón á henni		10 66
3. Fyrir tvær rúður og að koma þeim fyrir		2 00
4. Fyrir vinkönnu og oflátuöskjur		17 00
5. Visitaziulaun prófasts		9 20
6. Endurskoðun þessa reiknings 3 ál. 46 a.		1 38
7. Borgað í landssjóðinn		60 80
		<hr/> Kr. 102 48

Íslands Norður- og Austuramt, Akureyri 3. jan. 1894.

J. Havsteen.